

70

23. des.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 30. desember 1958, um breyting á lögum
nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í ráði sé að hækka bætur almannatrygginganna verulega í byrjun næsta árs, en nauðsynleg lagasetning þar að lútandi hafi enn eigi farið fram, en slík breyting hafi óhjákvæmilega áhrif á fjárhæð iðgjalda og framlaga, sem lögum samkvæmt skuli ákveðin fyrir árslok. Beri því brýna nauðsyn til að heimila með bráðabirgðalögum frestun á ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1960, samkvæmt 24. og 25. grein laga nr. 24/1956, um almannatryggingar. Þar eð afgreiðsla þessara mála sé enn fremur nátengd afgreiðslu fjárlaga, þyki rétt að heimila frestun til þess tíma, er fjárlög hafa verið sett.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnar-skrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 74 30. desember 1958, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar orðist svo:

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1960, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið 1960 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.